

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd aðgerða gegn peningaþvætti, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um aðgerðir gegn peningaþvætti og framkvæmd þeirra.

15. gr.

Fjárhæðir

Fjárhæðir sem getið er um í reglugerð þessari skulu bundnar gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU. Seðlabanki Íslands auglýsir nýjar fjárhæðir í Lögbirtingablaði, miðað við 1. janúar ár hvert.

16. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 14. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti.

17. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 80 18. maí 1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 16. maí 1994.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Gunnar Viðar.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 157/1993 um sinubrennur
og meðferð elds á víðavangi.**

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Telji sýslumaður að veðrátta hafi hamlað sinubrennu fyrir 1. maí getur hann að höfðu samráði við umhverfissráðuneytið veitt leyfshöfum sbr. 4. gr. heimild til að brenna sinu til 15. maí. Telji sýslumaður að snjóalög hafi hamlað sinubrennu fyrir 1. maí getur hann að höfðu samráði við umhverfissráðuneytið veitt leyfshöfum heimild til að brenna sinu síðar enda fari sinubrenna fram strax og snjó leysir og þess skal sérstaklega gætt að hreiðurgerð sé ekki hafin á svæðinu. Sækja þarf um undanþágur til sýslumanns hverju sinni og skal hann halda sérstaka skrá yfir veitt leyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 18. maí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.